



Reykjavík, 9. mars 2026
SFS26030033

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga um breytingu á fjölda barna á leikskólanum Klömbrum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. febrúar 2026:

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klömbrum verði breytt úr 75 börnum í 95 börn.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasvið

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 27. febrúar 2026
Umsögn foreldraráðs, dags. 4. mars 2026



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klömbrum

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klömbrum verði breytt úr 75 börnum í 95 börn.

Greinargerð

Leikskólinn Klambrar, Háteigsvegi 33, er fjögurra deilda leikskóli þar sem leyfi er fyrir 75 börn. Bætt var við fleiri deildum í sama húsnæði og í ágúst 2025 var stækkun um tvær deildir tilbúin og hægt að fjölga börnum í 95.

Leikskólinn Klambrar fer því úr að vera 4 deilda skóli með 75 börnum í 6 deilda skóla með 95 börn í ágúst 2025. Búið er að bjóða í öll þau pláss sem bættust við.

Fjöldi deilda og barna yrði eftir stækkunina eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	75 börn	
Viðbótardeildir	2 deildir	20 börn	aukning um 20 börn
Samtals		95 börn	

Við þessa stækkun er lagt til að rekstrarleyfi Klambra fari úr 75 börnum yfir í 95 börn.

Umsögn frá foreldraráði liggur fyrir.



Reykjavíkurborg
Skrifstofa Skóla – og frístundasviðs,
Höfðatorgi, Borgartúni 12-14

Reykjavík, 4. mars 2026

Efni: Umsögn foreldraráðs vegna stækkunar leikskólans Klömbrum.
Svar við erindi sviðsstjóra skóla – og frístundasviðs frá 27. febrúar 2026.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klömbrum. Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klömbrum verði breytt úr 75 börnum í 95 börn.

Greinargerð:

Leikskólinn Klambrar, Háteigsvegi 33, er fjögurra deilda leikskóli þar sem leyfi er fyrir 75 börn. Bætt var við fleiri deildum í sama húsnæði og í ágúst 2025 var stækkunin um tvær deildar tilbúin og hægt að fjölga börnum í 95.

Leikskólinn Klambrar fer því úr að vera 4 deilda skóli með 75 börn í 6 deilda skóla með 95 börn í frá ágúst 2025.

Við þessa stækkun er lagt til að rekstrarleyfi Klambra fari úr 75 barni yfir í 95.

Umsögn:

Foreldraráðs leikskólans að Klömbrum
Háteigsveg 33, 105 Reykjavík

Foreldraráð leikskólans að Klömbrum tekur jákvætt í áorðna breytingu um fjölgun barna eftir framkvæmdir og stækkun leikskólans Klömbrum og telur að húsnæðið sé betra eftir endurbætur og stækkun. Samhliða breytingum telur foreldraráð að rekstrarleyfi Klambra frá 75 barna leikskóla að 95 barna leikskóla sé eðlilegt í kjölfar stækkunar.

Foreldraráð þakkar fyrir þetta erindi en hefði jafnframt haft áhuga á að koma fyrir að málum með umsögn og álit um framkvæmdina, hafi það ekki þegar verið gert á fyrri stigum.

Foreldraráð hefði þá rýnt hluti eins og hljóðvist, loftgæði og annað sem skiptir sköpum fyrir starfsaðstæður og vellíðan barna og starfsfólks í útboðsgögnum.

Foreldraráð býðst til þess að koma á framfæri ábendingum í kjölfar frekari reynslu af notkun hússins og telur mikilvægt að við lok framkvæmda sé vandað til lokaúttektar.

Stutt er síðan leikskólanum var breytt síðast og slíkum breytingum geta fylgt ákveðnir vaxtarverkir og aukið álag á starfsfólk. Mikilvægt er að við þessar breytingar sé hugað vel að velferð og líðan barna, foreldra og starfsfólks og að tryggt sé að mönnun sé fullnægjandi til þess að allt gangi sem best fyrir sig.

Samhliða því að foreldraráð horfir með jákvæðni til stækkunar leikskólans að Klömbrum býr það undir hjá okkur að skólinn geti staðið sem sjálfstæð eining á einum stað og að ekki komi til sameiningar við aðra leikskóla hafi sú hugsun á einhverjum tímapunkti komið upp. Stærð skólans sé nú af þeirri stærðargráðu að vel verði við unað í ljósi hagræðingar og skipulag mannauðs.

Neikvæð áhrif sameininga minni skóla eru augljós þar sem lykilstjórnendur og leiðtogar fagstarfs eru að dreifa kröftum sínum á milli húseininga með tilheyrandi fjarlægð við starfsfólk og „þjónustuþega“.

Samandregin niðurstaða í ljósi þessara ábendinga er því ánægja með stækkun og að heildaráhrif á fagstarf, nýtingu mannauðs, þekkingar og stjórnunar til lengri tíma litið séu jákvæð.

Virðingarfyllst,

F.h. foreldraráðs leikskólans að Klömbrum,

Adda Smáradóttir

Eyvindur Albertsson

Ragnar Sær Ragnarsson